

Lokaskýrsla starfshóps um skráningu sóknarbarna

Inngangur

Á kirkjuþingi 2022–2023 var samþykkt að skipa starfshóp með það hlutverk að kanna hvernig best væri að halda utan um skráningu sóknarbarna í þjóðkirkjuna og bæta aðgengi presta og sóknarnefnda að upplýsingum. Á kirkjuþingi 2023–2024 var verkefni hópsins víkkað með því að fela honum einnig að skoða aðgengi að sóknartali og möguleika á kerfum til utanumhalds.

Starfshópurinn hefur áður skilað áfangaskýrslu þar sem farið var yfir stöðu mála og fyrstu niðurstöður. Í þessari lokaskýrslu er gerð grein fyrir áframhaldandi vinnu hópsins, helstu niðurstöðum og tillögum til framtíðar.

Í starfshópnum sátu:

- sr. Benjamín Hrafn Böðvarsson (formaður)
- sr. Guðni Már Harðarson
- Margrét Eggertsdóttir

Starfshópurinn vill sérstaklega minnst Margrétar Eggertsdóttur sem lést á starfstíma hópsins. Hún lagði sitt af mörkum til vinnu starfshópsins og sinnti sínum verkefnum af kostgæfni og fagmennsku. Hennar verður sárt saknað.

Starf hópsins

Starfshópurinn fundaði reglulega á tímabilinu og vann markvisst að því að greina stöðu núverandi kerfa og gagna, kanna lagalegt umhverfi skráninga og gagnavinnslu, skoða möguleika á bættri nýtingu gagna og þróa leiðir til að einfalda skráningu í þjóðkirkjuna.

Hópurinn átti jafnframt samtal við starfsfólk þjónustumiðstöðvar kirkjunnar og fundaði m.a. með samskiptastjóra þjóðkirkjunnar og fulltrúa upplýsingasviðs.

Helstu niðurstöður

1. Lagaleg óvissa er stærsta hindrunin

Starfshópurinn telur að stærsta áskorunin í skráningarmálum þjóðkirkjunnar sé lagaleg óvissa um hvaða upplýsingar megi vinna með, hverjir megi hafa aðgang að þeim og hvernig megi nýta þær í starfi kirkjunnar.

2. Núverandi kerfi bjóða upp á meiri möguleika en nýtt er

Niðurstaða starfshópsins er sú að ekki sé, að svo stöddu, þörf á að fjárfesta í nýju kerfi. Vandinn liggur fremur í því að möguleikar eru ekki nægilega vel nýttir og þekking á þeim er takmörkuð.

3. Mikil þörf er á fræðslu og miðlun upplýsinga

Þörf er á skýrum leiðbeiningum, reglulegri miðlun tölfræðilegra upplýsinga og einföldum verkfærum sem styðja við starf í sóknum.

4. Einföldun skráningar skilar árangri

Notkun QR-kóða og annarra einfaldra skráningarleiða hefur sýnt að aðgengilegar lausnir geta haft raunveruleg áhrif.

5. Sóknarfæri liggja í betri greiningu gagna

Með markvissri greiningu gagna er hægt að greina hópa og svæði þar sem tækifæri liggja til aukinnar skráningar.

6. Verkefnið snýst ekki eingöngu um tæknilegar lausnir

Skráningarmál snúast ekki bara um kerfi og tækni heldur einnig um samskipti við fólk og hvernig þau mál eru unnin í starfi kirkjunnar.

7. Mikilvægt að tryggja jafnan aðgang allra prestakalla að hjálplegu kerfi

Þjóðkirkjan þarf að tryggja að starfsfólk og vígðir þjónar hafi jafnan aðgang að kerfum og verkfærum sem styðja við starf þeirra, óháð búsetu eða fjárhagsstöðu sókna.

Mikilvægt er að vinna markvisst, skref fyrir skref, að þróun lausna sem auðvelda utanumhald sóknarmannatals, gera kleift að kalla fram stöðu skráninga í mismunandi aldurshópum og vinna með markhópa, svo sem fermingarbörn, eldri borgara eða ákveðna árganga, í því skyni að efla og styrkja starfið.

Tillögur starfshópsins

1. Að skýra lagalegan ramma varðandi vinnslu og notkun upplýsinga um sóknarbörn.
2. Að efla fræðslu og setja fram skýrar leiðbeiningar fyrir presta og sóknarnefndir.
3. Að bæta miðlun upplýsinga og tölfræðilegra gagna frá Biskupsstofu til sókna.
4. Að halda áfram þróun einfaldra og aðgengilegra skráningarleiða.
5. Að nýta betur þau gögn sem þegar eru til staðar.
6. Að styðja við starfshætti sem efla samskipti, fræðslu og kynningu í skráningarmálum, þannig að unnið sé markvisst með þau í starfi kirkjunnar.

7. Að tryggja jafnan aðgang allra sókna að þeim kerfum og verkfærum sem styðja við starf þeirra.

Lokaorð

Starfshópurinn telur að þjóðkirkjan standi frammi fyrir raunverulegum tækifærum til að efla skráningu og styrkja tengsl við fólk.

Gögn og tæknilegar lausnir eru að stórum hluta til staðar. Til þess að nýta þau tækifæri þarf þó að skýra lagalegan ramma, efla miðlun upplýsinga og samræma starfshætti.

Jafnframt er mikilvægt að tryggja að allir prestar og sóknir hafi jafnan aðgang að þeim kerfum og verkfærum sem styðja við starf þeirra, óháð búsetu eða fjárhagsstöðu. Með því að þróa slíkar lausnir markvisst og í áföngum má styrkja utanumhald, bæta yfirsýn og styðja við markvissara starf í sóknum.

Með markvissum aðgerðum og sameiginlegri sýn er hægt að byggja upp öflugra og markvissara starf til framtíðar.